



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 25.5. '21

Úrskurður aganefndar 25. maí 2021

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Haraldur Björn Hjörleifsson leikmaður Aftureldingu U hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Aftureldingu U og ÍBV í 2.deild karla þann 19.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
2. Vilhelm Freyr Steindórsson leikmaður Selfoss hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Selfoss og Hauka í 3fl 1.deild karla þann 19.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 1. mgr. 3. gr. sömu reglugerðar er málinu frestað um sólarhring. Aganefnd felur skrifstofu HSÍ að kynna viðkomandi félagi fram komna skýrslu og gefa því færi á að koma að athugasemdum í málinu áður en aganefnd tekur málið aftur fyrir á fundi sínum.
3. Björgvin Franz Hlynsson leikmaður ÍR hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannsleg hegðunar í leik Fram og ÍR í 3fl karla 4.deild 20.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd veur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
4. Aðalsteinn Ernir Bergþórsson leikmaður Þór hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Stjarnan og Þór Olís deild karla þann 24.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:9 f). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
5. Arnór Snær Óskarsson leikmaður Vals hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Vals og KA í Olís deild karla þann 25.5.2021. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 d). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd veur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





6. Í skýrslu dómara eftir leik Harðar og Fjölnis í Grill66 deild karla þann 11.05.2021 kemur fram að áhorfandi leiks hafi haft uppi hávæver mótmæli gagnvart dómurum leiksins á meðan leik stóð og eftir leik. Í samræmi við 4. mgr. 17. gr. reglugerðar HSÍ um agamál var Herði gefinn kostur á að skila inn umsögn vegna málsins. Samkvæmt 17. gr. fyrrnefndrar reglugerðar er aganefnd heimilt að sekta félög ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart m.a. dómurum leiks. Þó að framganga áhorfanda hafi sannarlega verið ámælisverð og vítaverð er að mati nefndarinnar varhugavert að slá því föstu, eins og málið liggur fyrir nefndinni, að framkoman geti talist hættuleg gagnvart dómurum leiksins, í skilningi 17. gr. reglugerðar HSÍ um agamál. Í ljósi atvika málsins, eins og þau birtast nefndinni, er það niðurstaða nefndarinnar að Hörður skuli greiða sekt að fjárhæð 30.000 kr.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands



ICELANDAIR



SAMSKIP VALITOR



ALVOGEN

